

41

14. marz

7. gr.

Skyldur er hver hundeigandi til að merkja hund sinn annað hvort með fjármarki sínu á eyrum eða með helsi með bæjarnafni eða brennimarki á. Rjettdræpir eru allir þeir hundar, sem ekki eru merktir og sem eru á flækingsi.

8. gr.

Hreppsnefnd skal gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt.

9. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða frá 1—10 kr. sektum, sem renna í sýslusjóð. Sýslumaður ákveður sektirnar eptir málavöxtum.

Mál útaf brotum móti reglugjörðinni skal farið með sem opinber lög-reglumál.

10. gr.

Reglugjörð um lækningu hunda af bandormum í Skagafjarðarsýslu dags. 1. maí 1899 er með samþykkt þessari numin úr gildi.

11. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1902.

* * *

Samþykkt af sýslunefnd Sagafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 24—27. febr. 1902.

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu 14. marz 1902.

Eggert Briem.

42

17. marz

Reglugjörð

fyrir útbú Landsbankans á Akureyri.

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, 9. gr., er sett á stofn útbú frá Landsbankanum í kaupstaðnum Akureyri. Starfsvið þess skal vera Norðlendingafjórðungur.

2. gr.

Stjórn og framkvæmd á störfum útbúsins hafa á hendi 2 menn, sem stjórn Landsbankans skipar með 6 mánaða uppsagnarfresti, og eru þeir bókarí og fjehirðir útbúsins. Hún ákveður, hvor þeirra skuli jafnframt vera framkvæmdarstjóri. Undirskript þeirra beggja þarf til þess að skuldbinda útbúið. Hún skipar og, með 6 mánaða uppsagnarfresti, eptirlitsmann, er skal hafa nákvæmt eptirlit með öllum störfum, bókun og reikningsfærslu útbúsins; stjórn þess skal hafa hann í ráðum með sjer, þegar um vandasöm mál eður stórar lánveitingar

er að ræða. Honum ber að sannreyna, að minnsta kosti einu sinni í hverjum ársfjórðungi, að sjóður útbúsins og öll verðskjöl þess, sjeu fyrir hendi. 42
17. marz

3. gr.

Stjórn Landsbankans er yfirstjórn útbúsins og gefur hún starfsmönnum þess nákvæmar starfsreglur, sem þeim skal skylt að fara eptir í öllum greinum. Skal stjórn útbúsins láta stjórn Landbankans í tje, eða manni, sem hún kann að setja fyrir sína hönd, allar þær skýrslur og upplýsingar, rekstri útbúsins viðkomandi, er heimtaðar verða.

4. gr.

Allan kostnað við rekstur útbúsins greiðir landsbankinn og tekur einnig tekjur þær, er útbúið fær.

5. gr.

Stjórn útbúsins ákveður með samþykki stjórnar Landsbankans vinnutíma þess, og skal annast um, að almenningi verði birt, hvenær það er opið til aðgreiðslu; skulu þá bókari og fjehirðir jafnan vera báðir viðstaddir.

6. gr.

Útbúið skal hafa tvær peningahirzlar. Aðalhirzlan skal vera svo gjör, að henni verði ekki lokið upp nema með tveim lykllum, sem ekki eru eins. Hefur bókari annan lykilinn að henni, en fjehirðir hinn. Þegar eitthvað er tekið út úr aðalhirzlaninni skal rita það í bók og fjehirðir kvitta fyrir, en bókari kvitta fyrir, þá er í hana er látið.

7. gr.

Fjehirði skal fengin önnur fjárhirzla er hann geymir í það fje, sem hann hefur til daglegra þarfa útbúsins, og hefur hann einn lykllana að henni. Að jafnaði skal eigi geyma í henni meira fje en 5000 kr.

8. gr.

Öll áriðandi skjöl og bækur skal bókari láta inn í eldtryggða skápa, þegar störfum er lokið dag hvern.

9. gr.

Bókari og fjehirðir útkljá í sameiningu þau mál, sem varða útbúið; greini þá á, skal eptirlitsmaðurinn kvaddur til, og ræður þá úrslitum atkvæði framkvæmdarstjóra, ef eptirlitsmaðurinn veitir því samþykki sitt. En þá skal þegar tilkynna stjórn landsbankans úrslitin og málavexti.

10. gr.

Starfsmenn útbúsins skulu vinna stjórn Landbankans eið að því, að þeir með árverkni og samvizkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin,

42 og ekki gjöra neinum óviðkomandi kunnugt um málefni útbúsins, nje segja frá 17. marz viðskiptum einstakra manna við það.

11. gr.

Útbúið veitir bráðabirgðalán gegn trygging í fasteign með fyrsta veðrjetti; þó má í einstökum tilfellum veita lán gegn öðrum veðrjetti, ef sjerstakar ástæður mæla með því, þó svo að lásupphæðin með fyrsta og öðrum veðrjetti til samans fari eigi fram úr helmingi virðingarverðs.

12. gr.

Til þess að geta fengið lán úr útbúinu gegn fasteignarveði þurfa öll hin sömu skjöl og skilríki, sem tilgreind eru í 12. gr. endurskoðaðrar reglugjörðar fyrir Landsbankann, 8. apríl 1894.

13. gr.

Útbúið lánar fje gegn sjálfskuldarábyrgð tveggja eða fleiri manna, er stjórn þess álitur fullnægjandi; þó skal leitað samþykkis stjórnar Landsbankans, þegar um stórlán er að ræða.

14. gr.

Útbúið lánar fje gegn handveði, svo sem arðberandi veðbrjefum og öðrum slíkum veðskjöllum, er stjórn þess tekur gild. Veita má og lán gegn vátrygðum verzlunarvörum, sem eru geymdar undir lán og innsigli útbúsins.

15. gr.

Útbúið veitir lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga, þegar þau skilríki eru fyrir hendi, sem tekin eru fram í 15. gr. endurskoðaðrar reglug. Landsbankans, þó skal sjórn Landsbankans í hvert sinn hafa veitt samþykki til lánveitingarinnar.

16. gr.

Útbúið getur veitt lán til prestakalla með skilyrðum þeim, sem landshöfðingi ákveður, hafi stjórn Landsbankans veitt samþykki til þess.

17. gr.

Útbúið kaupir og selur víxla og ávísanir, hvort sem greiðslustaður þeirra er hjer á landi eða erlendis, útlenda peninga og þjóðbankaseðla og auðseld arðberandi veðbrjef. Einnig tekur það að sjer innheimtu víxla og ávísana.

18. gr.

Útbúið kaupir og selur bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, og innleysir vaxtamiða þeirra, sem fallnir eru í gjalddaga. Bankavaxtabrjef, sem dregin hafa verið út til innlausnar og eru fallin í gjalddaga, skal útbúið jafnan innleysa annaðhvort með peningum, eða ávísun á Landsbankann.

19. gr.

Eptir því sem tók eru á, skiptir útbúið seðlum Landsbankans fyrir aðra seðla og fyrir gjaldgenga peninga.

42
17. marz

20. gr.

Hver sá, er skuld á að greiða til Landsbankans, getur greitt hana til útbúsins, fær hann þá bráðabyrgðarkvittun fyrir upphæðinni. Útbúið útvegar með fyrstu ferð frá Landsbankanum sundurliðaða kvittun fyrir upphæðinni.

21. gr.

Útbúið lánað ekki minni upphæðir en 50 kr., og getur heimtað allt að 1 árs vexti fyrirfram af lánum þeim, sem það veitir.

22. gr.

Útbúið lánað aldrei útá fasteign meira en helming virðingarverðs hennar. Útá húseignir lánað útbúið því að eins, að þær sjeu vátryggðar af ábyrgðartjelagi, er stjórn Landsbankans tekur gilt, og hefur umboðsmann á Akureyri.

23. gr.

Þeir er vilja fá lán úr útbúinu, skulu beiðast þess brjeflega, og geta þeir fengið eyðublöð undir slík brjef ókeypis hjá því. Aðeins munnlegt svar er gefið upp á slíka beiðni, og getur enginn, er synjað er um lán, heimtað, að honum sje gerð grein fyrir, hverjar ástæður sjeu til synjunarinnar.

24. gr.

Sjerhver skuldunautur útbúsins má greiða lán það, er hann hefir fengið, allt eða nokkurn hluta þess, áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skulda-brjefinu, er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta vaxta þeirra, er hann hefir fyrirfram greitt af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir rjettan gjalddaga, en þó eigi hærri vexti en Landsbankinn á þeim tíma gefur fyrir sparisjóðsinnlög, og því að eins, að rentuupphæðin nemi meiru en 3 kr.

25. gr.

Lán gegn fasteign, handveði eða sjálfskuldarábyrgð veitast eigi til lengri tíma en eins árs í senn.

26. gr.

Hvorki stjórnendur nje aðrir starfsmenn útbúsins mega sjálfir taka lán úr útbúinu, ábyrgjast lán úr því nje vera umboðsmenn annarra við lán-töku úr því.

26. gr.

Stjórn Landsbankans ákveður, hvernig hagað er bókun og reiknings-færslu útbúsins, þannig að jafnan sje auðvelt að kynna sjer fjárhag þess.

42

17. marz

Utbúið tekur á móti fje á hlaupareikning en um vexti af því fer eptir samningum við stjórn þess.

28. gr.

29. gr.

Sá er fje leggur í hlaupareikning, getur, ef hann óskar, fengið sjerstaka viðskiptabók, er stjórn útbúsins löggildir, og greiðir hann 1 kr. fyrir hana. — Hann getur ráðstafað fje því, er hann á í hlaupareikningi, eins og hann vill, hvort heldur tekið það út sjálfur eða ávísað öðrum, þótt viðskiptabók sje eigi sýnd í hvert skipti, en færa skal greiðsluna í viðskiftabókina, þegar hún í næsta skipti á eptir kemur í útbúið; skal þá bókarari og fjehirðir rita nöfn sín við greiðsluna og er það full sönnun fyrir henni.

30. gr.

Sá sem vill hefja fje eða ávísa öðrum fje úr hlaupareikningi, án þess að viðskiptabók sje sýnd, skal nota til þess ávísanaeyðublað, sem útbúið lætur mönnum í tje í þessu skyni. Skyldi framkoma fólks hlaupareikningsávísun eða framsal, ber útbúið enga ábyrgð á skaða þeim, sem fjáreigandi kann að líða við það. Hið sama gildir þótt handhafi viðskiptabókar fái útborgað fje úr henni án lögheimildar.

31. gr.

Í ávísunum, sem gefnar eru út á innstæðu í hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind í tölustöfum og bókstöfum. Sje krónuupphæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en með bókstöfum, er útbúið ábyrgðarlaust, hvora upphæðina sem það borgar.

32. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í útbúinu, svo og umboðsmanni hans, en óviðkomandi mönnum verða eigi gefnar neinar upplýsingar um hann.

Reykjavík, 15. marz 1902.]

Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson. Eiríkur Briem.

Samþykkist.

Reykjavík, 17. marz 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.